

Umsögn um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við í Sviðsráði Menntavísindasviðs fögnum því að aðgerðir til að fjölga kennurum séu komnar í farveg og sérstaklega þær aðgerðir að nemendur í meistaranámi í leik- og grunnskólakennslu hljóti námsstyrk. Við vonum að leiðir til þess að koma til móts við nemendur í framhaldsskóla-, tónlistar- og listgreinakennslu verði skoðaðar sem fyrst en sá hópur nemenda má alls ekki gleymast. Við fögnum því að kennaranemi hafi verið hafður með í ráðum en teljum mikilvægt að þegar aðgerðirnar verða endurskoðaðar verði fleiri kennaranemar af öllum skólastigum hafðir með í ráðum til þess að endurspeglar betur þann fölbreytta nemendahóp sem kennaranemar eru.

Í frumvarpinu sem er til umsagnar eru gerðar miklar breytingar á inntaki kennaranámsins þar sem að umsækjendur um leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskólum þurfa að ljúka að lágmarki 60 einingum í uppeldis- og kennslufræði og sérhæfingu skv. 5. gr. Það er mikilvægt að hafa í huga að uppeldis- og kennslufræði skólastiganna er ólík eftir því hvort um er að ræða leikskóla-, grunnskóla-, eða framhaldsskólakennslu og við viljum alls ekki að gildi og sérstaða hvers skólastigs verði undir í almennri kennslufræði.

Skilin milli skólastiga eru mikilvæg og kennarar á öllum skólastigum verða að leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna. Í frumvarpinu eru ótal tækifæri til sveigjanleika í starfi en einnig áskoranir sem þarf að hafa í huga við endurskoðun frumvarpsins. Stærsta áskorunin er án efa að endurskipuleggja nám kennara eftir nýjum hæfniviðmiðum og vonum við að rödd nemenda heyrst í þeim efnunum.

Ef frumvarpið verður samþykkt vonum við að í þeim breytingum sem gerðar verða á námi kennaranema verði komið til móts við og tekið verði tillit til fjölbreytileika samfélagsins. Nauðsynlegt er að nám kennaranema endurspeglar þarfir nútímans en til að mynda skortir okkur verkfæri sem munu nýtast í raunverulegri kennslu á öllum skólastigum. Við verðum að fá meiri fræðslu um eineltismál, geðheilbrigðismál, kynfræðslu, nám án aðgreiningar og hinseginmál sem við sem verðandi kennarar munum líklegast þurfa að takast á við oftar en einu sinni þegar við byrjum að starfa á vettvangi. Eins finnst okkur vanta fræðslu og þekkingu í hvernig eigi að taka á móti börnum sem eru hælisleitendur, innflytjendur og með íslensku sem annað mál eða jafnvel börn sem koma í skóla og hafa engan grunn í íslensku máli. Hæfni til að kljást við aðstæður sem þessar ættu öll þau sem starfa með börnum, sama hvaða skólastigi, að búa yfir.

Fyrir hönd sviðsráð Menntavísindasviðs,

Kolbrún Lára Kjartansdóttir

Forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs